

Fundargerð stjórnarfundar 11. júní 2026

Fundargerð stjórnarfundar Rauða krossins á Íslandi

Fjarfundur, haldinn á Microsoft Teams þann 11. júní 2026 kl. 15:15.

Fundurinn er númer 2 hjá núverandi stjórn og númer 1102 frá upphafi

Mætt á fjarfund: Sigríður Stefánsdóttir formaður, Jón Ásgeirsson varaformaður, Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir, Herbert Eyjólfsson, Magnea Gná Jóhannsdóttir, Ómar Valdimarsson, Óttarr Ólafur Proppé, Sigurður Ólafsson, Salvör Ísberg varamaður, Árni Jóhannsson varamaður og Ingibjörg Elín Halldórsdóttir framkvæmdastjóri.

Tilkynnt forföll: Arnbjörg Sveinsdóttir, Ingibjörg Ásta Bjarnadóttir og Silja Ingólfssdóttir.

Starfsfólk á fjarfundi: Jón Brynjar Birgisson, sviðsstjóri aðgerðasviðs, sem ritaði fundargerð, Sara Sturludóttir aðalbókari og Marinó Már Marinósson verkefnisstjóri Sjúkrabílasjóðs.

Gestir fundar: Engir.

Formaður setur fund kl. 15:15.

1. Kynning á Sjúkrabílasjóði til kynningar

Marinó Már Marinósson verkefnisstjóri Sjúkrabílasjóðs kynnir rekstur Sjúkrabílasjóðs.

Stjórn þakkar Marinó fyrir góða kynningu.

2. 3ja mánaða uppgjör – Q1 til kynningar

Sara Sturludóttir aðalbókari kynnir þriggja mánaða uppgjör landsskrifstofu.

3. Fundargerð framkvæmdaráðsfundar 2. Júní 2026 og fundargerð stjórnarfundar 21. maí 2026 til afgreiðslu

Fundargerð framkvæmdaráðsfundar er samþykkt

Fundargerð stjórnarfundar er samþykkt

4. Yfirferð á starfsreglum stjórnar til afgreiðslu

Rætt um endurskoðun m.a. í framaldi af lagabreytingum á aðalfundi 2026. Málinu frestað til næsta stjórnarfundar.

Í samræmi við bókun í lið 2.1. í fundargerð framkvæmdaráðs þann 2. júní felur stjórnin Arnbjörgu og Magneu að leggja fram tillögur að breytingum og fá til þess aðstoð sviðstjóra aðgerðasviðs.

Fundargerð stjórnarfundar 11. júní 2026

Á næsta fundi mun formaður sömuleiðis leggja fram viðbótartillögu er varða ábyrgð stjórnar hvað varðar fjárhagsáætlanir félagsins.

5. Reglur verkefnasjóðs til afgreiðslu

Fyrirliggjandi tillögur að breytingum samþykktar.

Framkvæmdastjóra er falið að kynna breyttar reglur verkefnasjóðs fyrir deildum.

Stjórnin felur framkvæmdastjóra að vinna greinargerð, fyrir 1. nóvember, um áhrif breytinga á úthlutunarreglum verkefnasjóðs á síðustu árum. Bæði hvað varðar stöðu sjóðsins og eiginfjárstöðu deilda.

6. Kosning undirbúningsnefndar verkefnasjóðs til afgreiðslu

Tillaga formanns:

- Guðný Björnsdóttir höfuðborgardeild, nefndarformaður
- Árni Jóhannsson varamaður í stjórn, Víkurdeild
- Jón Baldvin Hannesson Eyjafjarðardeild
- Magnea Gná Jóhannsdóttir stjórn, höfuðborgardeild
- Silja Ingólfssdóttir stjórn, höfuðborgardeild

Samþykkt.

7. Staðsetning formannafundar til kynningar

Stjórn samþykkir að formannafundur 2026 verði haldinn í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og felur framkvæmdastjóra að leita eftir heppilegum og hagkvæmum fundarstað.

8. Skýrsla framkvæmdastjóra til kynningar

Skýrslan er fyrirliggjandi í fundargögnum.

9. Önnur mál

Ungmennaráð sendi erindi á stjórn þann 11. júní. Málinu er frestað til ágústfundar stjórnar.

Formaður slítur fundi kl. 17:06.